

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 2. desember 2005

Efni: Þingsáttill. um fjárhagsl. aðskiln. útgerðar og fiskv. (22. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur í sér að skipuð verði nefnd til að semja frumvarp um fjárhagslegan aðskilnað útgerðar og fiskvinnslu.

Sagt er að lögunum yrði ætlað að skapa „eðlilega“ verðmyndun á fiski. Það er misskilningur að ríkisafskipti eða höft af hálfu ríkisins, eins og það sem lagt er til í tillögunni, stuðli að eðlilegri verðmyndun. Því minni sem höftin eru og því minni afskipti því eðlilegri er verðmyndunin. Fullyrðingar í greinargerð um að umhverfi viðskipta með óunnin fisk hérlendis standist ekki EES-samninginn eða samkeppnisreglur eru rakalausar og rangar. Það er enda óþarfi að setja lög um aðskilnaðinn ef hann er ólöglegur í dag. Ríkisafskipti stuðla ekki að samkeppni heldur frjáls markaður, án ríkisafskipta.

Ef talið er að hlutur sjómanna sé óeðlilega lágur vegna rangrar viðmiðunar varðandi aflaverðmæti ætti að vera hægt að snúa sér til sérstakrar stofnunar sem annast slíkt, þ.e. Verðlagsstofu skiptaverðs. Er því vandséð að nauðsynlegt sé að setja lög um aðskilnað veiða og vinnslu af þeirri ástæðu. Fullyrðingar í lokin um þjóðhagslega hagkvæmni slíks aðskilnaðar eru rangar enda fara hagsmunir greinarinnar og þjóðarbúsins saman að öllu leyti. Með meiri ríkisafskiptum hefur greinin minna svigrúm til að ná fram hámarks arðsemi og þá skilar hún minna til þjóðarbúsins. Ef aðskilnaður veiða og vinnslu væri hagkvæmur myndi hann koma að sjálfu sér, án ríkisíhlutunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson